

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um útgáfu og notkun
stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða, nr. 369 30. maí 2000.**

1. gr.

Við 1. gr. bætist ný málsgrein:

Handhafa stæðiskorts fyrir hreyfihamlaða er jafnframt heimilt að leggja ökutæki í gjaldskyld bifreiðastæði án sérstakrar greiðslu en þá skal sérstaklega gætt ákvæða 1. mgr. 5. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 78. gr. a umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. 6. gr. laga nr. 48 22. maí 1997, svo og með hliðsjón af 90. tölul. í XIII. viðauka (tilmæli 98/376/EB) við EES-samninginn, öðlast þegar gildi.

EES-gerðin sem vísað er til er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 46 1999, bls. 159-163.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. júlí 2002.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Hólmsteinn Gauti Sigurðsson.

REGLUGERÐ

**um löggildingu endurskoðenda með próf frá öðrum háskólum
en Háskóla Íslands.**

1. gr.

Leggja má að jöfnu við próf það, sem um getur í 4. tl. 1. mgr. laga nr. 18/1997, um endurskoðendur, sambærilegt próf frá öðrum háskóla ef prófnefnd, skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 18/1997, telur sýnt að umsækjandi hafi næga þekkingu á þeim málefnum sem varða endurskoðendur og störf þeirra. Prófnefndin skal leita umsagnar viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands um hvort próf frá öðrum háskólum séu sambærileg og próf frá deildinni og þá hvaða próf umsækjandi þyrfti að taka til þess að fullnægja skilyrðum laganna að þessu leyti.

2. gr.

Til að öðlast löggildingu sem endurskoðandi þarf viðkomandi, skv. 5. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 18/1997, að hafa unnið að alhliða endurskoðunarstörfum undir stjórn endurskoðanda samtals í þrjú ár. Heimilt er að allt að tvö ár af þriggja ára lágmarksstarfstíma hafi verið unninn undir stjórn erlendra endurskoðenda, enda séu að mati prófnefndar gerðar sambærilegar kröfur og hér á landi um þjálfun og starfsreynslu.

3. gr.

Umsækjandi um löggildingu til endurskoðunarstarfa á Íslandi, sem hefur fengið löggildingu til endurskoðunarstarfa erlendis, getur fengið undanþágu frá ákvæðum 6. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 18/1997, enda standist hann próf í skattarétti og skattskilum, sem prófnefnd skv. 3. gr. annast og löggilding hans til endurskoðunarstarfa sé að öðru leyti talin sambæri-

leg við kröfur hér á landi að mati prófnefndar. Einnig sýni viðkomandi fram á að hann uppfylli skilyrði um endurmenntun skv. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 18/1997.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 6. mgr. 2. gr. laga nr. 18/1997, um endur- skoðendur, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 26. júlí 2002.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Telma Halldórsdóttir.

REGLUGERÐ

um (6.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 5. gr., B. lið, I. kafla bætast eftirfarandi orðskýringar:

Þéttbýlis-, húsa- og iðnaðarskólp:

1. „þéttbýlisskólp“: húsaskólp eða blanda húsaskólps og iðnaðarskólps og/eða afrennslisregnavatns;

2. „húsaskólp“: skólp frá íbúðarhúsnæði og þjónustustarfsemi sem einkum á rætur að rekja til efnaskipta mannslíkamans og til heimilisstarfa;

3. „iðnaðarskólp“: skólp frá húsnæði til verslunarreksturs eða iðnaðar annað en húsa- skólp og afrennslisregnavatn;

Hreinn sjór: sjór eða sjóblandað vatn, sem ekki er mengað örverum, hættulegum efnum og/eða eitruðu sjávarsvifi að því marki að það geti spillt hollustu fiskafurða og sem er notað við þau skilyrði sem kveðið er á um í reglugerð nr. 233/1999, um hollustuhætti við meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafla og fiskafurða.

2. gr.

E. liður, 4. töluliðs um bönnuð hráefni, A. liðar, 2. viðauka, II. kafla orðast svo:

e) Allan úrgang frá aðskiljanlegum áföngum hreinsunarferlis þéttbýlis-, húsa- og iðnaðarskólps (Samanber orðskýringu í 5. gr. B. lið I. kafla) án tillits til frekari hreinsunar þessa úrgangs og uppruna skólpsins.

Hugtakið „skólp“ á ekki við um „vinnsluvatn“, þ.e. frárennsli í sérleiðslum í fyrirtækjum í matvæla- og fóðuriðnaði; vatn, sem er veitt í þessar leiðslur, skal vera heilnæmt og hreint (Eins og tilgreint er í reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn). Einnig er heimilt að veita hreinum sjó í leiðslur í fiskvinnslustöðvum (Samanber orðskýringu í 5. gr. B. liðar I. kafla). Vinnsluvatn skal einungis innihalda fódurefni eða matvæli og skal vera tæknilega laust við hreinsiefni, sóttgreinsandi efni eða önnur efni sem eru óheimil samkvæmt lög- gjöfinni um fóður.

Meðhöndla ber efni úr dýraríkinu í vinnsluvatninu í samræmi við D. lið 2. viðauka og reglugerð nr. 660/2000 um meðferð og nýtingu á sláturúrgangi og dýraúrgangi.